

Höttur og BÍ/Bolungarvík skildu jöfn.

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar
Laugardagur, 02 Júní 2012 19:11



Höttur og BÍ/Bolungarvík mættust á Vilhjálmsvelli í góðu veðri í dag. Fyrir leikinn þá var BÍ/Bolungarvík með 2 stig og Höttur með 4 stig.

Leikurinn byrjaði mjög rólega og bæðu lið litu út fyrir að hafa verið í sólbaði fyrri part dags, slíkt var kraftleysið. BÍ/Bolungarvík fékk eitt gott færi í fyrri hálfleik en Pétur Markan tók vægast sagt slakt skot sem Ryan varði. Fleiri voru færin ekki og fyrri hálfleikurinn var hreint út sagt leiðinlegur.

Höttur og Bí/Bolungarvík skildu jöfn.

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar
Laugardagur, 02 Júní 2012 19:11

Annað var uppá teningnum í síðari hálfleik. Bæðu lið mættu sprækari til leiks og voru það Hattarmenn sem voru sterkari aðilinn heilt yfir í seinni hálfleiknum. Bæði lið fengu 3-4 færi en náðu ekki að nýta sér það. Síðastu mínútur leiksins virtust Hattarmenn vera þyrstari í sigur en Bí/Bolungarvík vörðust vel og gáfu sig alla í það að ná stigi eftir slæmt tap fyrir Tindastól í síðustu umferð.

Bí/Bolungarvík er því enn án sigurs með 3 stig. Höttur er með 5 stig, einn sigur og tvö jafntefli. Hattarliðið hefur nú ekki skorað í 278 mínútur og er það höfuðverkur sem Eysteinn Hauksson þarf að lækna.

Úr sólinni á Egilsstöðum. Viðar Örn og Guðmundur Bj.

Frétt frá Fótbolta.net. Sjá alla fréttina: http://www.fotbolti.net/game.php?action=view_article&id=330#ixzz1wfLbaQew

Lið Hattar í dag:

Ryan

Bjartmar

Birkir

Óttar Steinn

Kristopher

Ragnar

Tóti

Höttur og Bí/Bolungarvík skildu jöfn.

Skrifað af Rekstrarfélag Hattar
Laugardagur, 02 Júní 2012 19:11

Elvar

Stefán

Garðar

Högni

Bekkur: Bjarni(m), Runólfur, Óttar G., Friðrik, Jói, Valdimar og Elmar.

Næsti leikur hjá strákunum er gegn Augnablik í bikarnum og fer leikurinn fram í Kórnum Kópavogi miðvikudaginn n.k kl 19:15